

gagnáfrýjunarstefnunni í málinu, er hún ónýtt, og verður að vísa henni frá dómi, og með því að engin andmæli hafa komið fram gegn kröfum áfrýjanda, verður að taka þær til greina, og staðfesta framan- greinda skiftaréttarúrskurði; eftir þessum úrslitum verður og að taka til greina kröfur áfrýjanda um að frú Margrét Árnason verði dæmd til að greiða hon- um málskostnað, og ákveðst málskostnaðurinn 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjunarstefnunni frávisast. Framan- greindir skiftaréttarúrskurðir staðfestast. Stefnda frú Margrét Árnason greiði áfrýjanda yfirdóms- málaflutningsmanni Eggert Claessen 30 kr. í máls- kostnað áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 14. janúar 1918.

Nr. 67/1917.

Ólafur Jóhannesson  
gegn

C. Finsen f. h. Samábyrgð-  
ar Íslands á fiskiskipum.

Dómur:

Hinn 27. apríl 1915 kl. um 3½ árdegis sigldi

fiskikútturinn »Pollux« frá Patreksfirði, eign áfrýjanda, út af Arnarfirði á þiljubátinn »Hermann« frá Bildudal, eign Hannesar B. Stephensen & Co., 9,78 tonn að stærð. Bátur þessi, sem hefir ekki komið fram síðan, var váttrygður hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum fyrir 1800 kr., sem hún hefir greitt, en auk þess hefir Samábyrgðin fengið framselt til eignar þann hluta af andvirði bátsins, sem var í sjálfsábyrgð, 1069 kr., en með virðingargerð dags. 12. marz 1915 hafði báturinn verið virtur með útbúnaði á 2869 kr. Með því að forstjóri samábyrgðarinnar leit svo á, að »Pollux« bæri alla ábyrgði á tjóninu, höfðaði hann mál á móti eiganda hans, Ólafi Jóhannessyni konsúl á Patreksfirði fyrir sjódómi Reykjavíkur — en þar höfðu málsaðilar komið sér saman um að málið yrði rekið — og krafist þess að hann yrði dæmdur til að greiða Samábyrgðinni andvirði »Hermanns« 2869 kr. auk kostnaður við sjóferðapróf 76 kr. 65 aura og 2 kr. fyrir símskeyti, ásamt 6% ársvöxtum af nefndum upphæðum frá 27. apríl 1915, eða til vara frá stefnudegi, 12. nóv. s. á., til greiðsludags og málskostnað eftir mati réttarins. Lauk máli þessu svo fyrir sjóréttinum hinn 7. júní f. á. að frá skadabótakröfu sækjanda var dregið andvirði toppsegls 40 kr., stórsegls 200 kr. og toppstangar 8 kr. með því að þessi siglingaáhöld fórust ekki með »Hermanni«, en að öðru leyti var áfrýjandi dæmdur til að greiða Samábyrgðinni upphæð jafnháa andvirði skipsins »Pollux« eins og hann yrði metinn af þar til dómkvöddum mönnum, þó þannig að hún fari ekki fram úr 2699 kr. 65 a. með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðslu-

dags. Svo var áfrýjandi enn fremur dæmdur til að greiða stefnda 50 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir Ólafur Jóhannesson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. ág. f. á. og krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum Sam-ábyrgðarinnar og honum dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir frá sinni hálfu krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Eftir sjóferðaprófunum virðast málavextir þessir: Um morguninn áður en skipin rákust á, höfðu þau orðið vör hvort við annað. Lá »Pollux« þá upp undir land og sá »Hermann« kippkorn framundan til bakborðs. Ætlaði »Pollux« þá að venda, en skipið neitaði tvívegis. Sigldi þá »Hermann« út fyrir aftan »Pollux«, en rétt á eftir hálsaði »Pollux« og sigldi á sama bóg og »Hermann«, en »Hermann« sigldi frá þeim. Stýrimaðurinn á »Pollux« lét þá draga niður fokkuna og lagði skipinu til. Svo lét hann hækka stórseglíð til að taka annað rif í það, og var »Hermann« þá eftir framburði hans framandan »Pollux« aftan til um stjórnborðsvant á að gizka  $\frac{1}{4}$  mílu. Nokkru eftir að »Hermann« tók bóginn út venti hann aftur og sigldi nú upp að landi á mótsettum bóg við »Pollux«. Vindur var á suðvestan og stóð á bakborðshlið á »Pollux«. Á þilfari á »Hermann« var stýrimaður og 3 menn aðrir og skipstjóri á frívakt. Þeir sáu »Pollux« strax eftir að þeir sneru við, enda

höfðu bæði skipin uppi hliðarljós. Af prófunum sézt ekki hvað margir menn voru á þilfari á Pollux, en það sézt, að 3 menn að minsta kosti auk stýrimanns hafa verið uppi, og samkvæmt framburði stýrimanns hafði engum þeirra verið skipað að halda vörð fram á. Af prófunum sézt ekki með vissu hvað langur tími leið frá því að »Hermann« sigldi fram hjá »Pollux« og þar til áreksturinn varð, en hann virðist hafa verið fremur stuttur; sumir af hinum yfirheyrðu töldu það 20 til 30 mínútur, aðrir eina klukkustund. Einn hásetanna á »Pollux«, sem var staddur við frammastrið, sá »Hermann« skamt framundan stjórnbörðsmegin, og hefir verið gizkað á að fjarlægðin milli skipanna hafi þá verið 200—300 faðmar. Stýrimaðurinn á »Pollux«, er þá fékk vitneskju um að skip væri framundan, reyndi þá að slá undan, lét draga fökkuna upp og »bakkaði« hana, lét gefa eftir á afturseglinu, en við stórseglið varð ekki ráðið, því að það var hálfðregið niður. Skipstjórinn á »Hermann« lét, er hann sá áreksturinn fyrir, draga í skautið á stórseglinu til að halda skipinu sem bezt að vindi. »Pollux« sló ekki nógu fljótt undan og rakst á »Hermann« fyrir aftan miðju bakborðsmegin og flæktist skautið á »Hermann« um bugspjótið á »Pollux«. Menn allir á »Hermann« fóru þegar í stað yfir á »Pollux«. Skipstjórinn á »Hermann« ætlaði nokkru eftir áreksturinn að fá lánaðan skipsbátinn af »Pollux« og fara yfir á »Hermann«, en treystist ekki til að fara vegna veðurs, aftur vildi stýrimaðurinn á »Pollux« fara yfir á »Hermann«, en skipstjórinn á »Pollux« neitaði honum að fara, með því

að hann þyrfti á honum að halda, en virðist þó hafatalið fært að fara yfir á skipið. Eftir hér um bil 1 til 2 klukkustundir var því næst siglt frá »Hermanni«. Í málinu var engin ábyggileg skýrsla um skemdir á »Hermanni«, enda var hann ekkert rannsakaður og engar sannanir liggja heldur fyrir um það, að hann hafi verið farinn að síga, þegar »Pollux« yfirgaf hann. Hér um bil 2 klukkustundum eftir að »Pollux« yfirgaf »Hermann«, en það virðist hafa verið án mótmæla frá skipstjóranum á »Hermanni«, mætti »Pollux« mótorskipinu »Ísafold« frá Bildudal og var þá farið að leita að »Hermanni«, en þótt hans væri leit að þann dag og svo daginn eftir, fanst hann ekki, en rekald fanst út af Önundarfirði, sem ætlað var að væri úr honum, þar á meðal vaðböja, er einn af hásetunum á »Hermanni« þóttist þekkja sem sína vaðböju.

Sjódómurinn tekur það fram, að stýrimanninum á »Pollux« — skipstjóri var undir þiljum — verði ekki gefið það að sök, hvernig hann hagaði seglum eða aðrar ráðstafanir, er hann gerði eftir að hann sá »Hermann«, þó sjódómurinn hins vegar líti svo á, að hann hefði getað gert meira en hann gerði til að forðast áreksturinn, t. d. lækkað afturseglið, en þar sem »Pollux« hafi haft vindinn á bakborð og þannig eftir siglingareglum hafi verið skyldur til að vikja, þá verði að telja það vanrækslu að ekki var gefin skipun um, að vörður væri hafður fram á til að gæta að skipum, og þar sem skipshöfnin á »Hermanni« sá altaf ljósinn á »Pollux«, þá mætti ganga út frá því, að ef vörður hefði verið á »Pollux«, þá hefði

Hann séð »Hermann« svo tímanlega að forðast hefði mátt áreksturinn. Yfirdómurinn verður að fallast á þetta álit sjódomsins, og verður því að telja, að »Pollux« hafi sök á árekstrinum, en hins vegar verður ekki séð, að »Hermann« eigi nokkra sök á honum, eða að hann hafi hagað siglingu sinni öðruvísi en hann hafði rétt til.

Svo sem að framan er sagt er eigi sannað, hvort eða að hverju leyti »Hermann« hafi brotnað við áreksturinn, en engu að síður verður að telja það vafalaust, að áreksturinn eða framkoma skipstjórans á »Pollux« eftir áreksturinn hafi verið sök í því, að »Hermann« fórst, með því að það getur ekki talist forsvaranlegt af skipstjóranum, að yfirgefa »Hermann« svo fljótt sem hann gerði, og þó að skipstjórinn á »Hermanni« hafi bedið hann að flytja sig og háseta sína til lands, þá getur þetta ekki losað skipstjórann á »Pollux« undan ábyrgð á því, að yfirgefa »Hermann« án þess að gera nokkra tilraun til að bjarga honum.

Það skal tekið fram, að þegar tillit er tekið til þess, hvað »Hermann« var lítill bátur, tæp 10 tonn, verður skipstjórinn á honum ekki áfeldur fyrir það, að hann þegar við áreksturinn fór yfir á »Pollux« og gaf hásetum sínum skipun um, að bjarga sér yfir í hann.

Samkvæmt þessu verður að fallast á það, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða andvirði »Hermanns«, 2869 kr., að frádregnu andvirði áðurgreindra siglingaáhalda, 248 kr. = 2621 kr., að viðbættum kostnaði við sjóferðapróf, 76 kr. 65 aur., og sim-

skeyti, 2 kr., eða alls 2699 kr. 65 aur. með 5% árs-  
vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, þó svo, að  
upphæð þessi fari ekki fram úr verði »Pollux«, eins  
og hann verður metinn af þar til dómkvöddum mönnum  
í því ástandi, sem hann var í, er áreksturinn átti  
sér stað, svo sem fram er tekið í hinum áfrýjanda  
dómi. Þar sem einnig má fallast á ákvæði sjódóms-  
ins um málskostnað, ber að staðfesta hann í öllum  
greinum.

Samkvæmt þessu ber áfrýjanda að greiða stefnda  
málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjanda sjóréttardómi skal óraskað.  
Áfrýjandi, Ólafur Jóhannesson, greiði stefnda,  
Carl Finsen, fyrir hönd Samábyrgðar Íslands 40  
kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en 8 vikur  
séu liðnar frá löglegri birtingu hans að við-  
lagðri lagaáðför.

Mánudaginn 21. janúar 1918.

Nr. 65/1917.

Ellert Skram  
gegn  
Eliasi Stefánssyni.